

100

5. júní

5. gr. Höfuðstólinn má aldrei skerða. Þegar hann er orðinn kr. 5000.00 má verja helmingi af ársvöxtum hans og helmingi af árstíllögum félagsmanna til styrkveitinga. Þó má, þegar sérstök atvik ber að höndum, verja allt að því öllum ársvöxtunum og helmingi árstíllaga til styrkveitinga.

6. gr.

Aðnjótandi styrks úr sjóðnum geta orðið skipstjórar þeir og stýrimenn, sem eru félagsmenn í Hafþór, þegar þeir verða hjálparþurfi sökum veikinda, slysa eða elli-lasburðar, sömuleiðis ekkjur þeirra og eftirlifandi börn, sem þurfa hjálp sér til framfæris.

7. gr.

Styrk úr sjóðnum veitir fimm manna nefnd, og eru í henni félagsstjórn Hafþórs og tveir aðrir félagsmenn, sem til þess eru kosnir á ári hverju á aðalfundi. Um styrkveitingar skal sækja 1. des., og með umsóknarbréfum skulu fylgja skilríki um verðleika og þörf umsækjanda. Styrkjunum skal síðan úthlutað fyrir aðalfund Hafþórs í desembermánuði.

8. gr.

Skyldi svo fara, að félagið Hafþór leystist upp eða liði undir lok, skal „Styrktarsjóður skipstjóra- og stýrimannafélagsins Hafþórs“ halda áfram að starfa undir þriggja manna stjórn, sem sé skipuð af dómismálaráðuneytinu. Skal hún halda áfram að ávaxta sjóðinn og taka á móti gjöfum þeim, er honum kynnu að berast.

Hún skal um hver áramót afhenda dómismálaráðuneytinu skýrslu um fjárhag sjóðsins. Styrks úr sjóðnum verða þeir aðnjótandi, sem hafa verið meðlimir Hafþórs, svo og ekkjur þeirra og börn, og skulu þeir ganga fyrir um styrkveitingar, ef þeir eru hjálparþurfi, en annars skal á sama hátt styrkja aðra innanbæjar skipstjóra og stýrimenn, svo og ekkjur þeirra og eftirlátin börn, ef þau þurfa hjálpar með.

9. gr.

Eftir aðalfund í Hafþór í desember ár hvert sendir stjórn styrktarsjóðsins skýrslu um fjárhag sjóðsins síðastliðið ár til dómismálaráðuneytisins, sem hefur eftirlit með, að sjóðnum sé stjórnað samkv. framanskráðri skipulagsskrá.

Þannig samþykkt á aðalfundi í skipstjóra- og stýrimannafélaginu Hafþór á Akranesi, hinn 20. febrúar 1945.

101

6. júní

## AUGLÝSING

um breytingar á reglugerð um eyðingu refa í Vestur-Ísafjarðarsýslu,  
nr. 92 27. ágúst 1936.

Við 2. gr. Síðasta setningin falli niður.

Við 3. gr. Síðasta setning fyrstu málsgreinar orðist þannig: Grenjaleitir í löndum eyðijarða kostar sýslusjóður að hálfu á móti viðkomandi sveitarsjóði.

6. gr. orðist svo:

Allur kostnaður við grenjavinnslu, annar en leitarkostnaður, sbr. 3. gr., greiðist úr sýslusjóði eftir reikningi frá viðkomandi hreppsnefnd, sem trúnaðarmaður sýslunefndar hefur samþykkt. Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annars staðar, eru eign þess manns eða manna, sem yrðlingunum ná.

8. gr. fellur niður.

9. gr. Í stað 10 kr. komi 50 kr.

## 11. gr. Ný grein svo hljóðandi:

Sýslunefnd kýs í byrjun hvers kjörtímabils trúnaðarmann innan sýslunnar, sem hafi yfirumsjón með allri grenjavinnslu og eyðingu refa í sýslunni. Skal hann samþykkja ráðningu starfsmanna og getur gert kröfu til þess, að sami skotmaður starfi í fleiri en einum hreppi, ef hann telur hann sérstaklega vel hæfan til starfsins. Skulu trúnaðarmanni sendir allir reikningar yfir refaveiðikostnað innan sýslunnar, svo og fyrir skotnar hlaupatófur, ásamt vottorði tveggja óvilhallra manna, um að dýrunum hafi verið eytt. Skulu refaveiðireikningar frá hreppsnefndum sendir trúnaðarmanni fyrir 1. sept. Sendir hann síðan reikningana, ásamt athugasemdum sínum, ef nokkrar eru, til oddvita sýslunefndar svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en svo, að grenjavinnslukostnaður verði greiddur viðkomandi hreppsnefnd fyrir áramót. Allur kostnaður við starf trúnaðarmanns greiðist úr sýslusjóði, og ákveður sýslufundur þóknun fyrir starf hans.

101

6. júní

Breytingar þessar, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 108 11. ágúst 1933, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 6. júní 1947.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Árni G. Eylands.*

## AUGLÝSING

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu,  
nr. 102 31. ágúst 1937.

102

6. júní

## 1. gr.

Aftan við greinina bætist: Heimilt skal hreppsnefnd að fela stjórn búnaðarfélags viðkomandi hrepps framkvæmd fjallskilamála í hreppnum með þeim réttindum og skyldum, sem hreppsnefndum eru ákveðin í reglugerð þessari.

## 8. gr.

Aftan við greinina bætist: Markaskrá skal fylgja myndaskrá yfir öll mörk.

## 15. gr.

Orðist þannig: Hver hreppsnefnd skal skipa fyrir um fjársmalanir eina eða fleiri að vori, til rúnings eða mörkunar, á þeim tíma, er hentast þykir, og er öllum fjáreigendum skylt að hlíta fyrir mælum hennar í öllu því, er smölunina snertir. Skulu hreppsnefndir reyna að haga svo til, að smölun þessi fari fram sama dag í þeim hreppum, þar sem lönd liggja saman.

## 16. gr.

Í stað orðanna: „Í ómakslaun“ o. s. frv. komi: Ómakslaun greiðist eftir samkomulagi eða sanngjörnum reikningi.

## 20. gr.

Við greinina bætist: og skylt skal að láta fara fram aukaleit, ef  $\frac{1}{10}$  hluti fjáreigenda viðkomandi hrepps óskar þess.